



Fundargerð

352. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 13. júní 2013 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR) Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka til afgreiðslu eitt mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 351. fundur hreppsnefndar 2. maí 2013.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd 10. júní 2013.

Farið yfir fundargerð.

1. 1304040 – 213388 Flateyjarland, iðnaðar- og athafnalóð, umsókn um lóð. *Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*

2. 1304028 – Krani á höfnina í Flatey.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða, einnig lögð fram kostnaðaráætlun vegna uppsetningar á krana, send af Birni Samúelssyni 12. júní 2013.

Fjárhæð vegna uppsetningar krana gæti orðið um 1,5 milljón skv.

kostnaðaráætlun. Sveitarstjórn vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2014. Sveitarstjórn hafnar að kraninn verði settur upp fyrr en fjármögnun á verkinu liggur fyrir og eignarhald, ábyrgð og rekstur á krananum verði ljós.

3. 1304002 – Reykhólahöfn, dýpkun.

Hreppsnefnd samþykkir verksamning við Hagtak hf.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni. Samþykkt samhljóða.

3. Mennta- og menningarmálanefnd 15. maí og 11. júní 2013.

Farið yfir fundargerð frá 15. maí 2013.

1. 1304027 – Ósk um fjármagn til að skoða tölvumál í Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir aukna fjárheimild allt að 200.000 kr. Samþykkt samhljóða.

2. 1305006 – Leiðtogar í heimabyggð.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

3. 1305007 – Skóladagatal 2013-2014, stytting skólaársins.

Bókun nefndarinnar samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði GJÓ.

4. 1305020 – Úrsögn úr mennta- og menningarmálanefnd.

Ingvar Samúelsson segir sig úr mennta- og menningarmálanefnd út kjörtímabilið. Sveitarstjórn veitir honum lausn og var það samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn skipar Söndru Rún Björnsdóttur sem aðalmann og Kötlunni Ingibjörgu Tryggvadóttur sem varamann í mennta- og menningarmálanefnd út kjörtímabilið. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Farið yfir fundargerð frá 11. júní 2013.

1. 1304027 – Kennslustundir kennara skólaárið 2013-2014.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2. 1306006 – Sálfræðipjónusta á svæði félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

3. 1306028 – Kennslutímar skólastjóra skólaárið 2013-2014.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

4. 1306029 – Umsókn um umsjón með bekk.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. Velferðarnefnd 13. mars og 27. maí 2013

Farið yfir fundargerðirnar.

Umönnunarkort barna og sundferðir.

Hreppsnefnd samþykkir að börn sem eru með umönnunarkort fái frían aðgang að Grettislaug gegn framvísun kortsins. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðirnar að öðru leyti samþykktar samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1306008 – Kjör oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Andrea Björnsdóttir endurkjörin oddviti Reykhólahrepps og Eiríkur Kristjánsson endurkjörinn varaoddviti Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

2. 1306009 – Sumarfrí nefnda.

Tillaga frá oddvita dagsett 10. júní 2013.

Tillaga oddvita um að fundir sveitarstjórnar og nefnda falli niður í júlí vegna sumarleyfa. Næsti lögboðni fundur verði 15. ágúst 2013. Samþykkt samhljóða.

- 3. 1205007 – Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps.**
Minniháttar breytingar.

Samþykkt hefur verið send innanríkisráðuneytinu til staðfestingar, gerðar voru smávægilegar tillögur að lagfæringum/breytingum. Sveitarstjórn samþykkir breytingarnar samhljóða.

- 4. 1306011 – Ósk um launalaust leyfi frá störfum.**
Erindi frá hjúkrunarforstjóra dagsett 21. maí 2013.

Sveitarstjórn samþykkir að veita hjúkrunarforstjóra launalaust leyfi frá 1. október 2013 til 15. maí 2014, að undanskildu tímabilinu 15. desember 2013 til 15. janúar 2014. Samþykkt samhljóða.

- 5. 1306014 – Skipun í þjónustuhóp aldraðra.**
Erindi frá félagsmálastjóra dagsett 21. maí 2013.

Sveitarstjórn skipar Guðjón D. Gunnarsson í þjónustuhóp aldraðra fyrir hönd Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

- 6. 1306013 – Stefna, Kötluland ehf. á hendur sveitarfélaginu.**
Stefna móttækin 28. maí 2013. Stefna verður lögð fram í Héraðsdómi Vestfjarða þann 19. júní 2013. Málsatvik og málsástæður skv. stefnu eru skuld vegna reiknings útgefins 1.3.2013 að fjárhæð kr. 412.830 vegna sölu á hitaborði til notkunar í mótuneyti stefnda.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

- 7. 1306017 – Friðarhlaupið í öllum sveitarfélögum Íslands 20. júní til 12. júlí 2013.**
Erindi frá Torfa Suren Leóssyni, ódagsett.

Reykhólahreppur samþykkir að taka þátt í Friðarhlaupi 2013. Samþykkt samhljóða.

- 8. 1306015 – Húsnæði fyrir grasrótar- og félagasamtök.**
Erindi frá Öldu – félagi um sjálfbærni, ódagsett, fyrirspurn um aðgengi grasrótarfélaga að húsnæði.

Reykhólahreppur hefur í gegnum tíðina boðið öllum félögum í sveitarfélaginu fundaraðstöðu í skólahúsnæði sveitarfélagsins án sérstaks endurgjalds.

- 9. 1306018 – Endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Stekkjarlund ehf.**
Umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Patreksfirði dagsett 11. júní 2013.

Reykhólahreppur gerir ekki athugasemd við endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir Stekkjarlund ehf., að því gefnu að umsögn slökkviðliðsstjóra sé jákvæð. Samþykkt samhljóða.

- 10. 1306019 – Umsókn um styrk vegna ljósmyndasýningar.**
Erindi frá Dísu Sverrisdóttur dagsett 10. júní 2013.

Sveitarstjórn vísar styrkbeiðni vegna ljósmyndasýningar til stjórnar Barmahlíðar. Samþykkt samhljóða.

- 11. 1306020 – Umsókn um styrk vegna gerðar ferðarkorts.**
Erindi frá Hörpu Eiríksdóttur dagsett 9. júní 2013.

Sveitarstjórn hafnar erindinu með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði ÁSK.

Til kynningar

12. 1306012 – Vestfjarðavegur 60.

Erindi frá Kristni Bergsveinssyni dagsett 23. maí 2013 þar sem fram koma tillögur um samstarfsnefnd meðal sveitarfélaganna Reykhólahrepps, Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps vegna vegamála í tengslum við vegagerð á Vestfjarðavegi 60.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er með fulltrúa í samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga ásamt Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, sem vinnur að samgöngumálum á Vestfjörðum.

13. 1304012 – Styrkvegafé árið 2013.

Svar Vegagerðarinnar dagsett 7. maí 2013 við erindi sveitarstjóra þann 14. febrúar 2013.

Kynnt. Vegagerðin styrkir sveitarfélagið um 3 milljónir vegna viðhalds á styrkvegum árið 2013.

14. 1306024 – Áfram veginn.

Samandregnar niðurstöður umræðuhópa til frekari umfjöllunar og úrvinnslu.

Kynnt.

15. 1306021 – Nýsköpunarráðstefna og nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2013.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 30. maí 2013.

Kynnt.

16. 1306022 – Leiðbeiningar til sveitarstjórna um viðauka við fjárhagsáætlun.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 31. maí 2013.

Kynnt.

17. 1306016 – Ársskýrsla Orkubús Vestfjarða, lögð fram á fundi.

Lögð fram.

18. 1306025 – Ársreikningur og ársskýrsla Starfsendurhæfingar Vestfjarða.

Lögð fram.

19. 1306026 – 131. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Kynnt.

20. 1306027 – Fundur í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 30. apríl 2013.

Kynnt.

21. 1306023 – Fundargerð 806. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

22. 1306030 – Bata- og hlunnindasýningin 2013.

Þrjú erindi frá Hörpu Eiríksdóttur, ódagsett.

- 1. Húsaleigusamningur við Reykhólahrepp vegna aðstöðu í Mjólkurbúshúsi.**
- 2. Ósk um húsaleigustyrk frá Reykhólahreppi fyrir árið 2013.**
- 3. Ósk um að gera breytingar á kjallara í Mjólkurbúshúsi.**

Erindin samþykkt samhljóða.

23. 1306031 – Vaðlaug við Grettislaug.

Erindi frá Vínafélagi Grettislaugar dagsett 11. júní 2013.

Sveitarfélagið þakkar alla vinnuna og áhugann. Reykhólahreppur lýsir sig reiðubúinn til samstarfs við Vínafélag Grettislaugar til að hrinda verkefninu í framkvæmd. Samþykkt samhljóða.

24. 1306032 – Þangskurðarréttindi ríkisins í Reykhólahreppi.

Erindi frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu dagsett 4. júní 2013.

Sveitarfélagið gerir ekki athugasemdir við erindið

25. 1306033 – Námsferð til Skotlands 3.-5. september.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 6. júní 2013.

Kynnt.

26. 1306034 – Styrktarsjóður EBÍ 2012

Erindi frá EBÍ dagsett 11. júní 2013.

Kynnt.

27. 1306035 – Vátryggingar sveitarfélagsins.

Erindi frá Sjóvá dagsett 12. júní 2013.

Kynnt.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:30.
